


Breytingar á vaktafyrirkomulagi unglækna



**Bjarni Þór
Eyvindsson**

FRÁ SÍÐUSTU kjarasamningum hafa unglæknar barist fyrir því að gerðar yrðu breytingar á gildandi kjarasamningi eða að ríkisvaldið samþykkti að unglæknar væru ekki undanþegnir ákvæðum um hvíldartíma skv. tilskipun Evrópusambandsins. Í apríl 2003 voru samþykktar breytingar á lögum um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Þar ákvað ríkið að taka út ákvæði sem sneri að undanþágu unglækna frá almennum ákvæðum laganna. Ljóst var einnig á þeim tíma að ríkisvaldið átti að leggja fram áætlun fyrir ágústlok 2004 um innleiðingu unglækna að ákvæðum um hvíldartíma. Átti þar að taka inn m.a. ákvæði um hámarksvinnutíma. Stefna átti að því að unglæknar væru með 48 klst. vinnuviku árið 2009. Í vor bólaði ekkert á vinnuplani ríkisvaldsins og ekki var vitað hvort hafin væri undirbúningsvinna.

Félag ungra lækna herjaði á ríkisvaldið og Landspítalann að viðurkenna rétt „Lækna í starfsnámi“ á hvíldartíma enda væri þetta ekki hugsað sem bætt launakjör heldur öryggisatriði fyrir unglækna og sjúklinga. Þrátt fyrir endurtekin bréfaskrif og fundahöld mjakaðist málið ekkert og fengu unglæknar að kynna því að erfitt er að ýta við sofandi risa. Því var það á vordögum að Félag ungra lækna óskaði eftir því að Læknafélag Íslands höfðaði mál á hendur Landspítalanum fyrir brot á lögum um almennan hvíldartíma. Á sama tíma var ríkisvaldinu send áminning frá Eftirlitsstofnun Evrópusambandsins varðandi innleiðingu tilskipunar um vinnutíma unglækna.

Þetta tvennt varð til þess að risinn sofandi vaknaði upp við vandan draum og kom þá upp í huga mér orðatiltækið að oft veltir lítil þúfa þungu hlassi. Áður en við vissum af var heilbrigðisráðherra búinn að senda öllum forstjórum spítalanna

bréf þar sem krafist var snöggra viðbragða og að lagt yrði fram plan á hverjum stað um innleiðingu á hvíldartíma og hámarksvinnuviku „Lækna í starfsnámi“. Var ráðherrann þar með búinn að koma ábyrgðinni á eigin sofandahætti yfir á undir-menn sína.

Á Landspítalanum var skipuð nefnd undir stjórn Vilhelminu Haraldsdóttur og var undirritaður einn af nefndarmönnum. Þrátt fyrir bölsýni margra sérfræðinga spítalans komst nefndin að því að ekki þyrfti stórfenglegar skipulagsbreytingar til að aðlaga vaktakerfi unglækna að lögum um hvíldartíma. Gekk vinna í nefndinni vel og er stefnt að innleiðslu nýs vaktakerfis á flestum deildum spítalans með haustinu. Sumar deildir voru þegar búnar að breyta sínum vaktakerfum til samræmis við reglur um hvíldartíma. Höfðu þessar breytingar flestar verið gerðar í óþökk yfirstjórnar spítalans en öflugir sviðsstjórar sáu að þetta voru framfaraskref og ákváðu að standa með sínu starfsfólki. Eru unglæknar þakklátir fyrir þennan stuðning.

Þrátt fyrir þennan mikla vilja Landspítalans og viðurkenningu hans á réttindum unglækna hefur spítalinn þó ekki séð ástæðu til að bjóða sættir í málshöfðun LÍ gegn spítalanum.

Hins vegar má segja það ótrúlegt hvað ein málshöfðun getur haft í för með sér og spurningin eða boðskapurinn í þessari grein hlýtur að vera eftirfarandi: Er málshöfðun sú aðferð sem lækna verða að nota í framtíðinni gegn Landspítalanum og ríkisvaldinu til að fá í gegn almenn mannréttindi og að á þá sé hlustað? Eitt er víst að við unglæknar munum ekki hika við að leita til dómstóla í framtíðinni ef áhrifin verða þau sömu og síðustu mánuðir hafa sýnt okkur.

Höfundur situr í stjórn LÍ og er jafnframt formaður Félags ungra lækna.

Í pistlunum **Af sjónarhóli stjórnar** birta stjórnarmenn LÍ sínar eigin skoðanir en ekki félagsins.